



Ágætu nemendur/foreldrar/forráðamenn

Sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins hafa unnið stöðugt að því að efla samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Um tíma hefur Strætó boðið námsmönnum á framhaldsskóla- og háskólastigi kaup á svokölluðu Nema korti við góðar undirtektir. Því er það okkur sönn ánægja að segja frá því að nema kortið verði einnig í boði fyrir nemendur á grunnskólastigi.

Eftir breytinguna stendur kortið sannarlega undir nafni og þjónar öllum nemendum á höfuðborgarsvæðinu á hvaða skólastigi sem þeir stunda. Það er einlæg von okkar að þessar umbætur verði ungu námsfólki og foreldrum þeirra til hagsbóta og hægðarauka.

Nema kortið kostar 15.000 kr. og verður hægt að kaupa á netinu með kreditkort sem er einfalt og þægilegt. Kortið fer í sölu 28. desember næstkomandi og tekur gildi 1. janúar 2012. Nema kortið er tengt kennitölu nemandans (persónulegt kort) og sent heim hans. Við hvetjum alla til að kynna sér hvernig kaupin fara fram á netinu á www.straeto.is.

Þeir sem hafa áhuga á að fá áminningu í netpósti um hvenær opnað verður fyrir sölu á kortunum vinsamlegast sendið beiðni þess efnis á kort@straeto.is.

Ef eitthvað er óljóst eða spurningar vakna er ykkur velkomið að hringja í símanúmer 540-2700 eða senda netpóst á sigruns@straeto.is

Bestu kveðjur,
Júlía Þorvaldsdóttir
Sviðsstjóri Farþegaþjónustusviðs Strætó bs.